



877. fundur stjórnar GSÍ, 16. júní 2016, kl.17:00 haldinn í fundarsal Turninum Kópavogi

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Eggert Á. Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Undirbúningur fyrir Íslandsmótið í golfi.

Forseti fór yfir stöðuna á undirbúningi fyrir Íslandsmótið í golfi sem haldið verður á Akureyri dagana 21.-25. júlí. Undirbúningur gengur vel og völlurinn er í góðu ástandi samkvæmt úttekt undanfaranefndar. Tillaga forseta um að halda fund á Akureyri þann 23. júlí með forystufólki klubbanna var samþykkt og verður boðað til fundar á næstunni.

3. Samstarfsaðilar GSÍ 2016.

Forseti upplýsti að gengið hafi vel í viðræðum við samstarfsaðila undanfarin misseri og nýlega var undirritaður samningur við Borgun um aðkomu þeirra að móti hjá GK og er á vegum sambandsins sem hluti af Eimskipsmótaröðinni.

4. Störf IT nefndar GSÍ.

IT nefnd mun skila skýrslu sinni á haustmánuðum og miðar vinnu þeirra vel, Smáforrit (app) fyrir [www.golf.is](http://www.golf.is) er nú tilbúið og unnið er að því að tengja það við vefinn og sér IDEGA um þá vinnu. Leitað er nú að viðeigandi tímasetningu um að koma forritinu í loftið og kynna. Arnar kerfisstjóri GSÍ mun stýra því hvenær forritið verður tekið í notkun.

5. Fundur framkvæmdastjórnar EGA í Prag.

Forseti gerði almennt grein fyrir fundi framkvæmdastjórnar EGA, sem haldinn var í Prag í maí. Meðal helstu fundarefna var áætlun EGA um nýja stefnumótun en sú eldri er frá árinu 2013. Þá hafa einnig miklar umræður átt sér stað um golfiðkun fatlaðra og hvernig sé hægt að mæta þörfum þeirra í mótahaldi EGA. Golf er nú orðin Ólympíuíþrótt og þarf EGA taka tillit til þessa í nýrri stefnumótun.

6. Mótamál GSÍ.

Mótahald hefur gengið vel sem af er ári og ýmsar nýjungar litið dagsins ljós, svo sem "Monday Qualifier" hjá GM og KPMG bikarinn hefur nú verið tengdur við Íslandsmótið í holukeppni. Forseti lýsti yfir ánægju sinni með það hversu vel klúbbarnir hafa tekið nýju mótafyrirkomulagi og lagt sig fram við að setja sín eigin fingraför á mótin.

Undirbúningur fyrir EM kvenna á Urriðavelli gengur vel og fjármögnun fyrir mótinu hefur sömuleiðis gengið vel. Íslandsmótið í golfi 2017 á Keili er komið í undirbúning.

Forseti sagði frá vinnu í kringum "World handicap System" eða alheims forgjafarkerfi sem til stendur að taka í gagnið árið 2018. Unnið er nú hörðum höndum að því en ekki hefur tekist að finna lendingu sem allar þjóðir una við. Einnig var staða á iðkendafjölda í Evrópu rædd eftir skýrslu KPMG frá árinu 2016.



7. Reglugerðarbreytingar vegna GSÍ leikkorta.

Forseti kynnti fyrir fundi breytingatillögu/lagfæringu á reglugerð um Leikkort GSÍ. Tillagan var samþykkt.

8. Breytt fyrirkomulag félagagjalda 2018.

Eggert kynnti hugmyndir um breytingar á félagsgjöldum til GSÍ og ræddi tvær mismunandi leiðir. Ákveðið var að halda áfram vinnu við að þróa sanngjarnar leiðir í gjaldtöku sem kynna á fyrir kúbbunum á þessu ári. Inn í þær hugmyndir gæti verið æskilegt að taka mið af stærð golfklúbba og notkun þeirra á þjónustu golfsambandsins.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál voru rædd.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.19:15